

Nd.

196. Nefndarálit

[87. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Með frv. er gert tvennt, ef að lögum verður:

Í fyrsta lagi er með lagaboði skertur samningsréttur verkalýðs og allra launþega, þar sem frjálsum samningum samtaka þeirra við atvinnurekendur er breytt til hins verra og án þeirra samþykkis. Jafnframt er með þessu fyrirskipuð rýrnun launa og lífskjara, sem getur numið allt frá 5.4% til 10—13%, eftir því hvernig stjórnarvöld haga framkvæmdum.

Í öðru lagi er verið að lögskipa hraðari aukningu verðbólgunnar í öllu verðlagskerfinu en verið hefur til þessa með fyrirmælum um tíðari endurskoðun en áður á landbúnaðarverði og fiskverði við hverja sveiflu, sem verða kann á framfærsluvísitölu.

Skal nú athuga nánar þessa tvo höfuðþætti frumvarpsins hvorn um sig.

#### Rofnir samningar á verkalýðsfélögunum og samningsfrelsi skert.

Með þessu frumvarpi er verið að rjúfa samninga á verkalýðsfélögunum og öðrum samtökum launþega og traðka samningsrétt þeirra og samningsfrelsi fótum. Og það yrði gert, ef þetta frv. yrði að lögum, af sjálfu Alþingi, sem einmitt ætti að varðveita stjórnskipulegan rétt launþega til þessara samninga.

Í fyrsta lagi eru með þessu frv. tekin á brott úr greiðslum til allra launþega 10 vísitölustig, sem þeir höfðu samningsbundinn rétt til að fá greidd frá atvinnurekendum. Er þetta gert þrátt fyrir mótmæli verkalýðssamtaka og stjórnar heildarsamtakanna, stjórnar Alþýðusambands Íslands.

Í öðru lagi er með þessu frumvarpi breytt með lagaákvæðum öllu grunnkaupi í landinu, þar sem 5. gr. mælir svo fyrir, að leggja skuli saman grunnkaup og núverandi vísitölu og reikna síðan það, sem þá kemur út, sem grunnlaun upp frá því. Verkalýðssamtökin hafa hingað til litið svo á, að einmitt grunnkaup væri verkalýðssamtökunum enn helgara en vísitölugreiðslan, en hér er því í engu skeytt, heldur öllu grunnkaupi breytt, en sá grundvöllur þó áður rýrður með þessum lögum, er framíðargrunnkaupið byggðist á, ef þessi lagasetning yrði til að móta það.

Í þriðja lagi er breytt til um allan þann útreikning, sem verið hefur á vísitölugreiðslunni. Hingað til hefur kauplagsvísitalan breytzt við hvert eitt stig, sem framfærsluvísitalan breyttist um. Nú verður sú breyting á, ef þetta frv. verður að lögum, að hvert eitt stig hinnar nýju vísitölu jafngildir næstum tveim stigum gömlu vísitölnnar, svo að segja má, að héðan af breytist kaupgjald aðeins, ef vísitalan hreyfist um 2 stig. — Samtímis eru svo sett ákvæði í 6. gr., sem raunverulega binda alla kaupgreiðslu til ágústloka við vísitöluna, sem verður í marz. — Þannig er að

heita má öllum ákvæðum núverandi kjarasamninga viðvíkjandi greiðslu samkvæmt vísitölu breytt með þessu frv., ef að lögum yrði, að samningsaðilum forspurðum og þrátt fyrir mótmæli margra þeirra.

Í fjórða lagi er svo lögskipaður nýr vísitölugrundvöllur, án þess að verkamenn og atvinnurekendur hafi um hann samið, heldur er hann með lagaboði settur í stað þess, er samningarnir ákveða. Sá vísitölugrundvöllur hefur vissulega marga kosti fram yfir hinn gamla, en þegar hann er lögleiddur, þá ætti það að gerast þannig, að samningsaðilar hefðu komið sér saman um hann og síðan væri hann leiddur í lög, en ekki með því að rjúfa alla samninga. (Hinn nýi vísitölugrundvöllur er birtur hér sem fylgiskjal I.)

Eins og sjá má af rökum þeim, sem hér hafa verið fram sett, þá er hér samningum verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka stórbreytt og það til hins verra og án alls samráðs við þau, en undir mótmælum þeirra, er til næst. Þegar af þessari ástæðu bæri að fella þetta frv. til þess að tryggja, að samningsréttur og samningsfrelsi verkalýðsfélaganna sé í heiðri haft.

#### Lífskjör verkalýðsins og launþega rýrð með lagaboði.

Höfuðatriði þessa frv. og aðaltilgangur þessara laga, ef samþykkt verða, virðist vera sá að rýra launakjör verkamanna og annarra launþega. Ríkisstjórnin álitur, að sú rýrnun verði 5.4% launanna eða hin bótalausa lækkun vísitölnunnar úr 185 niður í 175, sem samsvarar 5.4%. — Sé hins vegar tekið tillit til þess taps, er launþegi bíður við niðurgreiðslu vísitölnunnar um 17 stig með þeim hætti, sem hún nú er framkvæmd, verður launalækkunin 9.3%.

Gizkað er á, að heildarlaun allra þeirra 30 þúsund verkamanna og verkakvenna, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, hafi 1958 verið 1500 millj. kr., en heildarlaun allra launþega á Íslandi hafi þá verið 2900 millj. kr. Að álitu ríkisstjórnarinnar væri þá um það að ræða að taka ca. 150 millj. kr. frá öllum þessum launþegum, þar af 80 millj. kr. frá meðlimum Alþýðusambands Íslands, til þess að stöðva með því verðbólgunu (5.4% af 2900, resp. 1500 millj. kr.). Þetta eru engar smáræðisupphæðir fyrir verkamenn og aðra launþega, en þar að auki vofir það yfir þeim, að þessar upphæðir, sem taka skal af þeim samkvæmt frumvarpinu, verði í rauninni næstum því helmingi hærri eða 9.3%, og það þýðir, að 150 millj. kr. séu teknar af meðlimum Alþýðusambands Íslands (eða 5000 kr. að meðaltali af hverjum meðlim verkalýðsfélaga) eða 270 millj. kr. af öllum launþegum Íslands.

Verði þetta gert með því móti, sem frv. fer fram á, eiga launþegar Íslands því á hættu að tapa þarna geysilegum fjárfúlgum — allt að 270 millj. kr., — þótt hins vegar sé látið í veðri vaka, að aðeins þurfi 150 millj. kr.

Lækkun sú, sem fyrirskipuð er á tekjum sjómanna samkv. 9. gr., er í senn ranglát og sérstaklega hættuleg, þar sem þjóðfélagið þarf einmitt sjálfs sín vegna að gera vel við sjómenn, en ekki gera ráðstafanir til að skemma nýgerða samninga þeirra og lækka nýumsamið kaup þeirra með lagaboði.

Það hlýtur því að vakna sú spurning, hvort ekki sé hægt að taka þessar 150 millj. kr., sem þurfi til að stöðva verðbólgunu, annars staðar en hjá launþegum, — eða ef samið væri við verkalýðssamtökin og önnur launþegasamtök um ráðstafanir í þessu skyni að bæta þeim upp að fullu með 150 millj. kr. það, sem þeir breyttu kaupgjaldi sínu með samningum.

Það er því rétt að athuga, hvort ekki séu til slíkar upphæðir sem þessar í ríkis- og þjóðarþéttum, ef vel væri leitað eða betur stjórnað.

Hvað ríkisbúskapinn sjálfan snertir, þá er rétt að vekja athygli á nokkrum upphæðum í þessu sambandi:

40 millj. kr. mætti að margra álitu skera niður á núgildandi fjárlögum, jafnvel meira. Og það væri vissulega ekki ósanngjarnt, að ríki, sem vill heimta 5.4% fórn af hverjum launþega, sparaði fyrst sjálft samsvarandi upphæð eða um 50 millj. kr. af 900 millj. kr. fjárlögum.

Um 50 millj. kr. ætti að mega hækka núverandi tekjuáætlun fjárlaga að minnsta kosti án þess að tefla á tæpasta vaðið.

40—60 millj. kr. munu vera afgangur af tekjum síðasta árs óráðstafað.

Þá er heldur ekki fjarri að minna á, að rúmum 60 millj. kr. aukatekjum af yfirfærslugjaldi vegna lántöku til ríkissjóðs var ráðstafað af tveim stjórnarflokkum úr fyrrverandi ríkisstjórn án samþykktar Alþingis, — og máske eru slíkar tekjur væntanlegar, án þess að um það fáið rætt, meðan verið er að taka 80 millj. kr. af meðlimum Alþýðusambands Íslands með þessum lögum.

Aðeins þessar upphæðir, sem hér eru nefndar, eru samtals 150 millj. kr., eða yfir 200, ef hægt væri að reikna með svipaðri upphæð og hinni síðastnefndu. Og er þó aðeins rætt um ríkið og tekjur þess, en að vísu þarf einnig að útvega því tekjur til annarra útgjalda, en þá ber líka að muna, að líklega hefur verið greitt 50—60 millj. kr. meira til útflutningsins með nýgerðum samningum en hægt væri að komast af með. Það sýnir, að það er ekki verið að skera við nögl sér, þegar verið er að semja við aðra, þó að verkalýð og launþegum sé sagt, að nú verði þeir að fórna.

Hins vegar er víðar hægt að leita í þjóðarþúskapnum en hjá ríkinu sjálfu til þess að finna gróða, er skerða mætti, eða útgjöld, sem draga mætti úr.

Bankarnir hafa undanfarin ár haft upp undir 70 millj. kr. í gróða á ári.

Í heildsverzlun landsins og fjölmörgum fyrirtækjum, ekki sízt olíufélögunum, munu vera möguleikar til að spara milljónatugi með betri og skynsamlegri rekstri eða með nokkurri minnkun gróða.

Og þá er ekki hvað sízt hægt að draga nokkuð úr ýmsum þáttum fjárfestingarinnar, áður en farið er að minnka launatekjur verkamanns með 5000 kr. mánaðar tekjur um það, sem samsvarar hér um bil eins mánaðar launum á ári.

Framleiðslutekjur Íslendinga 1957 voru um 4900 millj. kr. Þar af eru 1600 millj. kr. fjárfesting, 700 millj. kr. er rekstur hins opinbera og 2600 millj. kr. er neyzla allra landsmanna. Skyldi ekki mega spara 80 til 160 millj. kr. á fjárfestingunni, 5—10%, áður en farið væri að skera niður laun verkamanna og láglaunamanna?

Það er því vitað mál, að hægt er að taka 150 millj. kr. á ýmsum stöðum, sinn hlutann á hverjum, áður en seilt er í vasa launþeganna.

Og það er það, sem á að gera.

Hvað snertir kaupskerðinguna, sem felst í aðgerðum ríkisstjórnarinnar, frá sjónarmiði hins einstaka verkamanns og launþega, skal settur hér útreikningur um, hverju kauplækkunin nemi, er birtist í síðasta tölublaði blaðsins Dagsbrún (17. árg., 1. tbl., 21. jan. 1959) og hljóðar svo:

„Það er nú ljóst, að ríkisstjórnin ætlar sér að lækka kaupgjaldsvísitöluna um 27 stig, úr 202 í 175, bæði með bóttalausum niðurskurði og stóru auknum niðurgreiðslum af almannafé. Afleiðingin yrði stórfelldari skerðing á kjörum verkafólks en orðið hefur síðan gengið var lækkað 1950. Hér skulu raktar nokkrar staðreyndir, sem sýna áhrifin á raunverulegt kaup Dagsbrúnarmanna:

#### Útborgað kaup lækkar um 13.4%.

Tímakaup Dagsbrúnarmanna er nú kr. 23.86 í almennri verkamannavinnu. Þegar vísitalan er komin í 175, með stýfingu og niðurgreiðslum, lækkar tímakaupið í kr. 20.67. Skerðingin á útborguðu tímakaupi nemur þannig kr. 3.19 eða 13.4%. Sé reiknað með átta dagvinnutímum og einum eftirvinnutíma, lækkar dagkaupið um kr. 30.31. Það jafngildir kr. 757.75 lækkun á mánaðarkaupi — sé reiknað með 25 vinnudögum — og kr. 9 093.00 lækkun á árskaupi.

#### Sparnaður á útgjöldum meðalfjölskyldu.

Á móti þessari kaupskerðingu kemur sparnaður vegna lækkunar á nokkrum vörutegundum með niðurgreiðslum af almannafé. Samkvæmt nýjustu búreikningum,

sem Torfi Ásgeirsson hagfræðingur hefur safnað á vegum kauplagnesnefndar, verður sparnaður meðalfjölskyldu á þessa leið (meðalfjölskyldan telur 4—5 meðlimi):

115.36 kíló af kindakjöti lækka um kr. 770.57.

39.55 kíló af saltfiski lækka um kr. 65.26.

1022 lítrar af nýmjólk lækka um kr. 901.98.

235.65 kíló af kartöflum lækka um kr. 141.39.

16.96 kíló af skömmtuðu smjöri lækka um kr. 164.51.

42.4 kíló af skömmtuðu smjörlíki lækka í verði um kr. 72.08.

Árssparnaður meðalfjölskyldu vegna hinna nýju niðurgreiðslna ríkisstjórnarinnar er þannig kr. 2 115.79 — en sparnaður á mánuði er kr. 176.32. (Þess ber að geta, að sumir þessir sparnaðarliðir eru næsta hæpnir, t. d. verðlækkunin á kartöflum, þar sem býsna margir rækta kartöflur sínar sjálfir; einnig lækkaði ríkisstjórnin smjörskammtinn um 2 kíló á mann á ári, um leið og hún jók niðurgreiðsluna, þannig að smjörneyzla meðalfjölskyldu verður sízt ódýrari en hún var. Sparnaðurinn í heild verður nokkru meiri, ef fjölskyldan er stærri, en fyrir einhleypinga, sem kaupa fæði á matsöluhúsum, verður hann eflaust sáralítill.)

Þessar niðurgreiðslur jafngilda 15 vísitölustigum. Jafnframt reiknar ríkisstjórnin með því, að verðlag lækki um 4 stig í viðbót, þegar búið er að skerða kaupgjaldsvísitöluna og gera aðrar hliðstæðar ráðstafanir. Sé sparnaðurinn af þeirri lækkun áætlaður hlutfallslega hliðstæður og af niðurgreiðslunum, bætast við kr. 54.25 á mánuði. Mánaðarlegur heildarsparnaður meðalfjölskyldu af því að lækka kaupgjaldsvísitöluna úr 202 stigum í 175 stig á þennan hátt yrði þannig kr. 230.57.

#### **Raunveruleg kauplækkun 9.3%.**

Eins og áður er sagt, lækkar útborgað mánaðarkaup Dagsbrúnar um kr. 757.75. Þegar búið er að draga sparnaðinn frá, nemur lækkunin kr. 527.18 — og sýnir sú upphæð lækkunina á raunverulegu mánaðarkaupi. Kaupskerðingin nemur þannig 9.3%. Hún jafngildir því nákvæmlega einum eftirvinnutíma á dag, þannig að segja má, að ríkisstjórnin fyrirskipi verkamönnum að vinna einn eftirvinnutíma á dag aukalega, ef þeir vilji halda óskertu kaupi.

#### **Sex viðbótarstig, sem ekki verða bætt.**

Með þessu er sagan þó ekki fullsögð. Allir þessir útreikningar eru miðaðir við verðlagið eins og það var 1. nóv. Síðan hefur verðlag hækkað sem svarar sex vísitölustigum, og ætlun ríkisstjórnarinnar mun vera, að fyrir þau stig komi engar bætur. Felur það í sér 3—4% kaupskerðingu í viðbót við það, sem talið er hér að framan.“

#### **Hvað um verðlækkunina?**

Hætta er á, að lítið verði úr verðlækkun þeirri, sem um ræðir í 8. og 10. gr. Slík fyrirmæli hafa áður verið sett í svipuð lög, en reynslan orðið slæm. Þeir atvinnurekendur og framleiðendur, sem í hlut eiga, eru vanir að bera fram alls konar kröfur um hækkunir til þess að bæta sér upp það, sem vörur þeirra ættu að lækka um. Bárust fjárhagsnefnd strax slíkar kröfur eða tillögur frá framleiðsluráði landbúnaðarins, og vitanlegt er, að samsvarandi kröfur eru í undirbúningi hjá ýmsum samtökum atvinnurekenda.

Hættan er sú, að komist afturhaldið í landinu upp með það að fyrirskipa launa-lækkun hjá verkamönnum, þá verði ekkert gert í neinu öðru. Ef færa þarf fórnir, þá á að byrja á þeim, sem breiðust hafa bökin, og ekki koma að verkamönnum og láglaunamönnum fyrr en búið er að þrautreyna með árangri alls staðar annars staðar.

En hér er farið öfugt að.

**Verðbólguna þarf að stöðva, en afleiðingar þessa frv. og næstu skrefa á eftir yrðu þær að auka hana.**

Íslenzku þjóðinni er lífsnauðsyn á því að stöðva verðbólguna. Það var gert með verðstöðvunarstefnunni, sem Alþýðubandalagið beitti sér fyrir með aðstoð verkalyðssamtakanna í vinstri stjórninni, og sú verðstöðvunarstefna stóð frá september 1956 til maí 1958. Það var á móti vilja Alþýðubandalagsins og þrátt fyrir aðvaranir þess og mótmæli, að Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn knúðu það fram, að vikið var frá þeirri stefnu vorið 1958.

Alþýðubandalagið lagði fram í ríkisstjórninni í nóv. 1958 tillögur um stöðvun verðbólgunnar og lausn efnahagsmálanna, án þess að gripið væri til slíkra óyndisúræða sem felast í þessu frv.

En allt kom fyrir ekki.

Tveir sterkustu flokkar þingsins, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, hafa gert það að skilyrði við stjórnarsamninga í síðasta mánuði, að efnahagsmálin séu leyst með því að lækka raunverulega grunnkaup verkamanna og annarra launþega um 6—8%.

Þetta frv. er framkvæmd á þeim kröfum.

Verðbólgutalið er frá hálfu þessara flokka aðeins yfirskin, því að báðir eru þeir með gengislækkun, sem mundi stórauka verðbólguna í landinu.

Álit mitt er það, að aðalatriði þessa frv. sé fyrir þá, sem það samþykkja, hin lögskipaða launalækkun, sem gerð er undir yfirskini þess að stöðva hina þjóðhættulegu verðbólgu, síðan sé ætlunin að halda laununum niðri samkvæmt því til hausts, en að loknum kosningum í haust, ef tvennar yrðu í ár, þá sé ætlunin að koma á gengislækkun og þar af leiðandi nýrri verðbólgu. Með því hins vegar að fjöttra saman allt verðlag á fiski og landbúnaðarvörum við hverja hreyfingu vísitölunnar — og jafnvel grunnkaupsins — á að gera verkamönnum næstum ókleift að hreyfa kaup sitt, bæta kjör sín og gera jafnframt allt vísitölukerfið, sem verið hefur vörn launþegans gegn dýrtíðinni, að sama skapi óvinsælt og undirbúa jarðveginn fyrir afnám þess. (Yfirlýsingar um að láta jafnvel grunnkaupshreyfingar valda endurskoðun fiskverðs er að finna í samningum ríkisstjórnarinnar, sem birtir eru sem fylgiskjal II.)

Ég álit þessar fyrirætlanir jafnhættulegar sem þær eru ranglátar. Ég álit þetta frv. vera fyrsta spor, sem stigið yrði inn á braut, er leiða mundi til gengislækkunar, frekari kauplækkunar og atvinnuleysis.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. janúar 1959.

Einar Olgeirsson.

**Fylgiskjal I.**

**Hagstofan — Kauplagsnefnd.**

**Vísitölugrunnur.**

Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957	
			Á ein. kr.	Alls kr.
<b>A. HÚSNÆÐI</b>				
1.	3.17 Herb.	Ársleiga á herbergi (eldhús talið sem herbergi) .....	3000.00	9510.00
			<b>Alls A:</b>	<b>9510.00</b>
<b>B. HITI. RAFMAGN O. A.</b>				
1.	246.00 m <sup>3</sup>	Heitt vatn frá Hitaveitu Rvíkur .....	3.00	738.00
2.	1316.00 l	Dieselolía, heimkeyrð .....	0.86	1131.76
3.	2.17 Herb.	Taxti B2, ársgj. á herb., Rafmagnsv. Rvíkur	53.76	116.66

			Verð 1. nóv. 1957	
Magn	Eining	Skilgreining	Á ein. kr.	Alls kr.
4.	2169.00	Kwst. Taxti B2, kwst. gjald, Rafm.v. Rvíkur ....	0.56	1214.64
5.	15.51	Búnt Eldspýtur, ódýrasta tegund .....	3.50	54.29
6.	11.67	l Steinolía í smásölu .....	1.65	19.26
			<b>Alls B:</b>	<b>3274.61</b>

## C. MATVÖRUR

### 1. Kjötmeti

1.	21.04	kg	Kindakjöt, heil læri, 1. verðfl. ....	27.75	583.86
2.	13.11	kg	Kindakjöt, hryggur, 1. verðfl. ....	27.75	363.80
3.	52.64	kg	Súpukjöt, 1. verðfl. ....	24.65	1297.58
4.	4.15	kg	Nautakj., steik og súpukjöt að hálfu .....	34.05	141.31
5.	5.93	kg	Kálfakjöt, súpukjöt—Uk I .....	22.70	134.61
6.	3.61	kg	Hrossakjöt, beinlaust steikarkjöt og saltkjöt að hálfu .....	20.75	74.91
7.	2.02	kg	Reykt flesk (skinka) .....	65.00	131.30
8.	15.06	kg	Kjötfars .....	16.50	248.49
9.	4.74	kg	Hangikjöt, frampartur og læri að hálfu ..	33.90	160.69
10.	23.83	kg	Saltkjöt (kindakjöt) .....	25.25	601.71
11.	4.43	kg	Kindabjúgu, óinnpökkuð .....	26.20	116.07
12.	6.73	kg	Vínarpylsur í plastumbúðum .....	26.20	176.33
13.	3.56	kg	Kæfa í lausri vigt .....	45.46	161.84
14.	2.17	kg	Rúllupylsa, niðurskorin .....	70.00	151.90
15.	2.17	kg	Malakoff, niðurskorin .....	70.00	151.90
16.	2.17	kg	Lambasteik, niðurskorin .....	72.00	156.24
17.	1.85	kg	Slátur, heil, haustverð, m/sviðnum haus án mörs .....	35.00	64.75
18.	4.25	kg	Blóðmör, soðinn .....	19.00	80.75
19.	1.32	kg	Lifrarpylsa, soðin .....	20.00	26.40
20.	1.85	kg	Hvalkjöt, hraðfryst .....	15.63	28.92
21.	3.30	kg	Kindalifur, hraðfryst .....	21.25	70.12
22.	1.15	kg	Hvalrengi, súrt .....	14.92	17.16
			<b>Alls C 1:</b>	<b>4940.64</b>	

### 2. Fiskmeti

1.	34.87	kg	Þorsklök án þunnilda, ný .....	6.75	235.37
2.	125.60	kg	Ýsa, slægð og hausuð, ný .....	3.40	427.04
3.	4.62	kg	Ýsuflök, roðflett, blokkfryst .....	12.00	55.44
4.	6.16	kg	Stórlúða, ný .....	12.00	73.92
5.	13.43	kg	Smálúða, ný .....	8.00	107.44
6.	4.49	kg	Léttreyktur fiskur .....	12.00	53.88
7.	5.30	kg	Fiskfars .....	9.50	50.35
8.	4.19	Dós	Fiskbollur, ½ dósa ca. 900 gr .....	12.75	53.42
9.	39.55	kg	Saltfiskur (þorskur, þurrkaður) .....	6.00	237.30
10.	1.93	kg	Harðfiskur (þorskur, ópakkaður) .....	37.47	72.32
					1366.48
11.			Viðbót við fiskmeti 9.75% .....		133.23
			<b>Alls C 2:</b>	<b>1499.71</b>	

			Verð 1. nóv. 1957	
Magn	Eining	Skilgreining	Á ein. kr.	Alls kr.
<b>3. Mjólk, mjólkurvörur, feitmeti, egg</b>				
1.	1022.00	l	Nýmjólk í ¼ l flöskum .....	3.48 3556.56
2.	14.12	l	Rjómi, 30% í 0.25 l fl. ....	30.40 429.25
3.	58.01	kg	Skýr, laus vigt .....	7.10 411.87
4.	23.91	kg	Smjör frá mjólkurbúum, óniðurgreitt ...	60.20 1439.38
5.	57.21	kg	Smjörlíki, óniðurgreitt .....	11.30 646.47
6.	10.26	½ fl.	Lýsi, ca. 0.38 l með flösku .....	6.60 67.72
7.	11.40	kg	Mjólkurostur í smást. 45% .....	36.85 420.09
8.	2.28	kg	Mysuostur í pökkum .....	15.00 34.20
9.	19.22	kg	Egg, stimpluð .....	31.00 595.82
10.	2.58	kg	Tólg í pökkum .....	13.35 34.44
			Alls C 3:	7635.80
<b>4. Mjölvara og baunir</b>				
1.	99.68	kg	Hveitimjöl í 5 lbs. (2.268 kg) pappírspoka ..	3.96 394.73
2.	23.10	kg	Haframjöl, laus vigt .....	3.65 84.32
3.	9.61	kg	Hrisgrjón í 1 lbs. pappírspoka (0.4536 kg) ..	7.61 73.13
4.	3.81	kg	Sagógrjón í 400 gr pappírspoka .....	8.10 30.86
5.	6.47	kg	Baunir, laus vigt .....	5.70 36.88
6.	10.97	kg	Kartöflumjöl, laus vigt .....	5.78 63.41
7.	3.19	kg	Rúgmjöl, laus vigt .....	2.75 8.77
			Alls C 4:	692.10
<b>5. Brauð og brauðvörur</b>				
1.	24.29	Stk.	Rúgbrauð, 1.50 kg .....	5.00 121.45
2.	24.29	Stk.	Normalbrauð, 1.25 kg .....	5.00 121.45
3.	107.39	Stk.	Franskbrauð, 0.50 kg .....	3.60 386.60
4.	36.57	Stk.	Heilhveitibrauð, 0.50 kg .....	3.60 131.65
5.	13.73	kg	Mjólkurkex, laus vigt .....	13.45 184.67
6.	3.28	kg	Kremkex, laus vigt .....	23.10 75.77
7.	1.66	kg	Tekex, laus vigt .....	21.45 35.61
8.	284.75	Stk.	Vínarbrauð niðurskorin úr lengjum 6 stk. úr lengju .....	0.95 270.51
9.	13.85	Stk.	Jólakaka, 0.50 kg .....	9.00 124.65
10.	9.23	Stk.	Sandkaka, 0.50 kg .....	13.31 122.85
11.	4.45	kg	Tvíbökur, laus vigt .....	15.90 70.76
			Alls C 5:	1645.97
<b>6. Garðávextir og grænmeti</b>				
1.	216.12	kg	Haustkartöflur 1. fl. ....	1.40 302.57
2.	19.53	kg	Sumarkartöflur (verð 1. sept.) .....	5.25 102.53
3.	30.20	kg	Gulrófur .....	3.35 101.17
4.	10.68	kg	Tómatar, 1. flokkur .....	17.70 189.04
5.	10.85	kg	Laukur, nýr .....	5.55 60.22
6.	6.42	Dós	Grænar baunir, 0.5 kg dós, innlend .....	6.30 40.45
			Alls C 6:	795.98
<b>7. Nýir ávextir</b>				
1.	2.47	kg	Sitrónur .....	18.11 44.73
2.	12.05	kg	Epli, algeng góð tegund .....	12.10 145.81

			Verð 1. nóv. 1957		
	Magn	Eining	Skilgreining	Á ein. kr.	Alls kr.
3.	14.41	kg	Appelsínur, algeng góð tegund .....	17.50	252.17
4.	1.73	kg	Banarar, 1. fl. ....	23.00	39.79
				<hr/>	
5.			Viðbót við nýja ávexti 16.02% .....		482.50
					77.30
				<b>Alls C 7:</b>	<b>559.80</b>

#### 8. Þurrkaðir og niðursoðnir ávextir o. fl.

1.	5.80	kg	Sveskjur, 70/80, laus vigt .....	20.82	120.75
2.	6.93	kg	Rúsínur, steinlausar, laus vigt .....	20.70	143.45
3.	1.67	kg	Epli, þurrkuð .....	51.38	85.80
4.	3.72	Dós	Niðursoðnar perur, ¼ dós 1 kg .....	23.99	89.24
5.	7.01	¼ fl.	Kjarnasaft með flösku, 0.75 l, innlend ....	18.50	129.69
				<hr/>	
					568.93
6.			Viðbót við þurrkaða og niðursoðna ávexti, 20.49% .....		116.57
				<b>Alls C 8:</b>	<b>685.50</b>

#### 9. Nýlenduvörur

1.	109.42	kg	Strásykur, laus vigt .....	5.19	567.89
2.	23.93	kg	Höggvinn sykur (molasykur), laus vigt ..	6.20	148.37
3.	24.78	kg	Kaffi, brennt og malað í 250 gr pk. ....	44.40	1 100.23
4.	4.23	kg	Kaffibætir (Ludvig David) .....	21.00	88.83
5.	3.16	kg	Kakó, góð algeng tegund í smápökkum ....	52.56	166.09
6.	1.76	kg	Suðusúkkulaði (Konsum-Sirius) .....	76.80	135.17
7.	0.43	kg	Te, góð algeng tegund í smápökkum ....	95.60	41.11
8.	5.22	kg	Salt, 1.5 lbs. = 681 gr (Cerebos) .....	7.39	38.58
9.	2.24	kg	Lyftiduft, 0.5 lbs. = 227 gr (Royal) .....	50.88	113.97
10.	4.03	Fl.	Tómatsósa, 14 oz., algeng góð tegund .....	18.90	76.17
11.	92.30	Stk.	Súputeningar .....	0.55	50.77
				<hr/>	
					2 527.18
12.			Viðbót við nýlenduvörur 14.61% .....		369.22
				<b>Alls C 9:</b>	<b>2 896.40</b>

#### 10. Öl og gosdrykkir

1.	10.00	0.35 l	Pilsner án flösku .....	3.70	37.00
2.	12.00	0.35 l	Maltöl án flösku .....	3.40	40.80
3.	20.00	0.17 l	Coca-cola án flösku .....	2.25	45.00
4.	20.00	0.25 l	Ávaxtdrykkur án flösku .....	2.50	50.00
5.	20.00	0.25 l	Kjarnadrykkur án flösku .....	2.15	43.00
				<hr/>	
				<b>Alls C 10:</b>	<b>215.80</b>



Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957
			Á ein. kr. Alls kr.

## D. FATNAÐUR, SKÓFATNAÐUR OG ÁLNAVARA

### 1. Ytri fatnaður karla

1.	0.29	Stk.	Úlpa með nylon yfirborði, lausu skinnfóðri og fastri hettu .....	792.71	229.89
2.	0.09	Stk.	Ullargaberdinefrakki, innl. einföld gerð ..	1 063.75	95.74
3.	0.63	Stk.	Föt, hraðsaumuð, án vestis .....	1 390.00	875.70
4.	2.11	Stk.	Vinnufatabuxur og jakki, nankin .....	207.23	437.26
5.			Viðbót við „Ytri fatnað karla“ .....		1 638.59
			7.80% .....		127.81
				<b>Alls D 1:</b>	<b>1 766.40</b>

### 2. Ytri fatnaður kvenna

1.	0.44	Stk.	Kvenkápa án skinnkraga, einfalt snið, allarefni eða jafngildi .....	1 711.60	753.10
2.	0.24	Stk.	Dragt, einfalt snið, allarefni eða jafngildi .....	1 855.60	445.34
			Viðbót við „Ytri fatnað kvenna“ .....		1 198.44
			24.84% .....		297.69
				<b>Alls D 2:</b>	<b>1 496.13</b>

### 3. Ytri fatnaður barna

1.	1.09	Stk.	Drengjaúlpa nr. 8, tvíbyrð, með fastri hettu, úr poplín og Álafossefni .....	302.16	329.35
2.	1.07	Stk.	Drengjabuxur nr. 8, molskinn .....	160.66	171.91
3.	1.07	Stk.	Drengjaskyrta nr. 8, flonel .....	63.65	68.11
4.	1.07	Stk.	Telpu-golftreyja á 6—7 ára, alull, innlend .....	170.25	182.17
			Viðbót við „Ytri fatnað barna“ .....		751.54
			11.69% .....		87.86
				<b>Alls D 3:</b>	<b>839.40</b>

### 4. Skyrtur og nærfatnaður

1.	1.69	Stk.	Karlmannsskyrta, hvít með föstum hálfstífum flibba, innlend .....	119.96	202.73
2.	1.17	Stk.	Nærföt karla, bolur með hálfmum, síðar buxur, baðmull, innlend .....	91.52	107.08
3.	4.06	Stk.	Buxur kvenna, þrjónasilki, innlendar ....	30.51	123.87
4.	0.92	Stk.	Undirkjóll, nylon, meðalgerð varðandi blúndubreidd o. þ. h., innlendur .....	180.62	166.17
			Viðbót við „Skyrtur og nærfatnað“ .....		599.85
			21.14% .....		126.81
				<b>Alls D 4:</b>	<b>726.66</b>

			Verð 1. nóv. 1957	
Magn	Eining	Skilgreining	Á ein. kr.	Alls kr.
<b>5. Sokkar</b>				
1.	3.20	Par	Karlmanns spun-nylon-sokkar, fullorðins-stærð, inlendir .....	30.56 97.79
2.	10.06	Par	Kvensokkar, nylon- eða perlon-sokkar, 15 denier, gauge 51, meðalstærð .....	39.68 399.18
3.	5.91	Par	Grillon-hosur nr. 8, innlendar .....	19.02 112.41
4.	1.36	Par	Ullarhosur á 6—7 ára, innlendar .....	23.36 31.77
			<b>Alls D 5:</b>	<b>641.15</b>
<b>6. Skófatnaður o. a.</b>				
1.	1.18	Par	Rindboxskór karla nr. 43, með skinnkappa og sóla og bindsóla úr leðri og gúmmihæl	247.30 291.81
2.	1.61	Par	Boxcalfskór kvenna, götuskór nr. 38 .....	212.50 342.13
3.	1.69	Par	Barnaskór nr. 31, skinnf. m. gúmmísóla, innlendir .....	157.33 265.89
4.	1.36	Par	Skóhlífar karla, á nr. 43 .....	51.83 70.49
	1.36	Par	Hnéhá gúmmistígvél karla, svarandi til skó-stærðar 43 .....	84.94 115.52
5.	0.92	Par	Bomsur kvenna, skinnkantslausar, hællausar, á nr. 38 .....	91.27 83.97
6.	3.23	Par	Barnagúmmistígvél nr. 31 .....	53.78 109.11
7.	1.85	Stk.	Sólun og hælun á karlmannsskóm nr. 43, sóli límdur undir saum, 5.5 mm leðurþykkt	79.00 146.15
8.	1.99	Stk.	Sólun og hælun á kvenskóm nr. 38, sólar límdir undir saum, 4.5 mm leðurþykkt ....	61.00 60.39
			Viðbót við „Skófatnað o. a.“ .....	1 485.46
			11.07% .....	164.44
			<b>Alls D 6:</b>	<b>1 649.90</b>
<b>7. Álnavara o. a.</b>				
1.	1.05	m	Kambergarnscheviot, alull, 140 cm breitt, 510 gr ferm. (Gefjun) .....	149.30 156.77
2.	0.92	m	Kápuefni, alull, útlent, 140 cm breitt .....	155.67 143.22
3.	18.46	m	Lérefit, 90 cm breitt .....	11.28 208.23
4.	18.46	m	Sirz, 70 cm breitt .....	10.73 198.08
5.	2.94	m	Tvisttau, 70 cm breitt .....	13.83 40.66
6.	1.70	kg	Hvítur lopi (Gefjun) .....	78.00 132.60
7.	0.09	kg	Æðardúnn .....	1100.00 99.00
8.	9.23	m	Teygja (sokkaband), 1.8 cm breið .....	4.30 39.69
9.	9.23	m	Strengbönd (rullubúkk), 2.5 cm breið .....	2.00 18.46
10.	4.61	Tylft	Smellur, svartar á pappaspjaldi .....	1.03 4.75
11.	4.61	Stk.	Rennilásar, 25 cm langir, ólitað járn, lokaðir í öðrum enda .....	7.85 36.19
12.	9.23	Stk.	Saumavélanálar, nr. 14, Singer-gerð .....	1.00 9.23
13.	8.98	Kefli	Hvítur tvinni nr. 36, 200 yards, algeng góð tegund .....	3.35 30.08
			<b>Alls D 7:</b>	<b>1116.96</b>

Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957	Á ein. kr.	Alls kr.
------	--------	--------------	-------------------	------------	----------

## E. ÝMIS ÚTGJÖLD

### 1. Hreinlætisvörur o. a.

1.	6.83	kg	Krystalsápa, innl., laus vigt .....	10.15	69.32
2.	13.54	Stöng	Stangasápa, ca. 0.33 kg (Sunlight) .....	6.88	93.16
3.	30.37	Pk.	Þvottaefni, innlent, 250 gr brúttló .....	3.75	113.89
4.	29.58	Pk.	Þvottaefni, erlent, 275 gr (Rinso) .....	7.83	231.61
5.	1.52	Fl.	Klórefni, 0.75 l m/flösku (Klorox) .....	11.02	16.75
6.	2.77	Fl.	Þvottalögur, 0.75 l m/flösku (Terso) .....	15.12	41.88
7.	1.85	Dós	Fljótandi bón, 802 gr (Johnson-Glocoat) ..	24.86	45.99
8.	5.54	Box	Ræstiduft (Vim) .....	5.08	28.14
9.	5.54	Stk.	Manchetskyrtur, linar, þvottur og strauning	8.53	47.26
10.	5.54	kg	Blaut-þvottur, eftir vigt .....	6.90	38.23
11.	5.82	Stk.	Kemisk hreinsun og pressun, buxur og jakki	46.25	269.18
12.	29.54	Stk.	Klósettrúlla (Kotka) .....	4.37	129.09
13.	5.54	Dós	Skóáburður, erlendur, brúnn (Kiwi) .....	4.00	22.16
14.	26.45	Stk.	Handsápa, erlend (Lux) .....	5.30	140.19
15.	4.62	Stk.	Rakkrem, erlent, stór túba (Colgate) .....	11.70	54.05
16.	13.85	Miðar	Sérklefi f. fullorðna, Sundhöll Rvíkur ....	4.00	55.40
17.	39.69	Miðar	Hópklefi f. börn .....	1.50	59.54
18.	0.92	Stk.	Kalt olíupermanent, dýrari tegund .....	144.00	132.48
19.	2.77	Stk.	Hárþvottur og hárlagning kvenna .....	38.00	105.26
20.	9.23	Stk.	Klipping karla .....	22.75	209.98
21.	4.53	Dós	Coldcream (Nivea) .....	8.20	37.15
22.	13.85	Túba	Tannkrem, hvítt, standard stærð (Colgate)	9.15	126.73
23.	3.69	Hylki	Rakblöð, 10 stk. (Gillette Dispenser) ....	17.00	62.73

Alls E 1: 2130.17

### 2. Heimilisbúnaður

1.	11.08	Stk.	Vatnsglös 8 oz., einföld gerð .....	2.25	24.93
2.	11.08	Stk.	Diskar 25 cm, einföld gerð .....	9.95	110.25
3.	11.08	Stk.	Bollapör, einföld gerð .....	10.62	117.67
4.	1.46	Stk.	Hnifar, ryðfritt stál .....	16.00	23.36
5.	1.46	Stk.	Gafflar, ryðfritt stál .....	13.05	19.05
6.	0.18	Stk.	Aluminium-pottar, rafmagns, 6.5 mm, botna, 6 lítra .....	168.70	30.37
7.	0.22	Stk.	Aluminium-skaftpottar, 3 lítra .....	91.12	20.05
8.	0.92	Stk.	Galvaniseruð þvottafata, 28 cm þvermál ....	35.62	32.77
9.	1.85	Stk.	Emilerað þvottafat, 30 cm þvermál .....	22.53	41.68
10.	1.75	Stk.	Uppþvottabursti, nylonhár, innlendur .....	10.50	18.38
11.	0.92	Stk.	„Swan“ hraðsuðuketill, pólerað aluminium, 1.75 lítrar, með snúru og kló .....	344.00	316.48
12.	0.09	Stk.	Hrærivél, „Sunbeam“ (model 10) .....	1701.00	153.09
13.	5.08	Stk.	Rafmagnsljósaperur, 25 w. ....	3.65	18.54
14.	5.08	Stk.	Rafmagnsljósaperur, 40 w. ....	3.75	19.05
15.	5.08	Stk.	Rafmagnsljósaperur, 60 w. ....	4.65	23.62

Alls E 2: 969.29

Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957	
			Á ein. kr.	Alls kr.
<b>3. Heilsuvernd</b>				
1.	3.00	Viðt. Viðtal við háls- og eyrnalækni .....	15.00	45.00
2.	2.00	Viðt. Viðtal við lyflækni .....	20.59	41.18
3.	8.00	Viðt. Viðtal við samlagslækni á stofu .....	5.00	40.00
4.	3.00	Vitj. Vitjun samlagslækni í heimahúsi .....	10.00	30.00
5.	141.47	Kr. Lyfliður breytist samkv. breytingu vísitölu fyrir lyf .....		141.47
6.	4.62	Taf. Minnsta tannfylling skv. verðskrá Tannfél.	50.00	231.00
7.	0.53	Myt. Röntgen-magamynd, nettóverð meðl. Sjúkra-samlags Reykjavíkur .....	105.00	55.65
			<b>Alls E 3:</b>	<b>584.30</b>
<b>4. Fargjöld</b>				
1.	77.00	Ferð Hægar ferðir, barna, Strætisv. Rvíkur ....	0.50	38.50
2.	230.00	Ferð Hægar ferðir og hraðferðir, Strætisv. Rvíkur, fullorðins, staðgreiðsla .....	1.50	345.00
3.	211.00	Ferð Hægar ferðir, fullorðins, afsláttarmiðar ..	1.00	211.00
4.	121.00	Ferð Hraðferðir, fullorðins, afsláttarmiðar ....	1.11	134.31
5.	6.41	Ferð 5 mín. akstur að degi, leigubifreið .....	15.00	96.15
6.	6.41	Ferð 5 mín. akstur að kvöldi, leigubifreið ....	17.00	108.97
7.	2.77	Ferð Sérleyfisferðir: Reykir .....	9.00	24.93
8.	0.92	Ferð Sérleyfisferðir: Keflavík .....	18.00	16.56
9.	0.92	Ferð Sérleyfisferðir: Selfoss .....	26.00	23.92
10.	0.92	Ferð Sérleyfisferðir: Þingvellir .....	22.00	20.24
11.	0.14	Ferð Sérleyfisferðir: Akureyri .....	19 5.00	27.30
12.	0.10	Ferð Flugferð Reykjavík—Akureyri .....	300.00	30.00
			<b>Alls. E 4:</b>	<b>1076.88</b>
<b>5. Blöð, póstur og sími</b>				
1.	3.54	Mgj. Mánaðargjald, Alpýðublaðið .....	25.00	88.50
2.	3.54	Mgj. Mánaðargjald, Morgunblaðið .....	30.00	106.20
3.	3.54	Mgj. Mánaðargjald, Tíminn .....	25.00	88.50
4.	3.54	Mgj. Mánaðargjald, Vísir .....	20.00	70.80
5.	3.54	Mgj. Mánaðargjald, Þjóðviljinn .....	25.00	88.50
6.	16.54	Stk. Vikan, stk. í lausasölu .....	5.00	82.70
7.	16.54	Stk. Fálkinn, stk. í lausasölu .....	5.00	82.70
8.	12.41	Stk. Hjemmet, stk. í lausasölu .....	3.00	37.23
9.	4.13	Stk. Time, stk. í lausasölu .....	5.50	22.72
10.	4.12	Stk. Úrval, stk. í lausasölu .....	15.00	61.80
11.	27.32	Stk. Burðargjald innanlands undir 20 gr bréf ..	1.75	47.81
12.	1.38	Gj. Ársfjórðungsgjald f. heimilissíma 700 símt.	300.00	414.00
13.	9.54	Símt. Utanbæjarsímtal, 3 mín. 0—25 km .....	5.00	47.70
14.	2.77	Símt. Utanbæjarsímtal, 3 mín. yfir 350 km .....	15.00	41.55
15.	4.62	Stk. Heillaskeyti, 10 orð inanb. ódýrasta teg. ..	16.00	73.92
			<b>Alls E 5:</b>	<b>1354.63</b>

			Verð 1. nóv. 1957	
Magn	Eining	Skilgreining	Á ein. kr.	Alls kr.
<b>6. Tómsundaiðja og skemmtanir</b>				
1.	10.15	Miði 3 kvikmyndahús í Rvík. Betri sæti kl. 7 ..	12.00	121.80
2.	10.15	Miði 3 kvikmyndahús í Rvík. Betri sæti kl. 9 ..	12.00	121.80
3.	10.15	Miði 3 kvikmyndahús í Rvík. Pallsæti kl. 7 ....	14.00	142.10
4.	11.08	Miði 3 kvikmyndahús í Rvík. Pallsæti kl. 9 ....	14.00	155.12
5.	5.78	Miði Óvegið meðaltal aðgm. Þjóðleikhússins ....	32.86	189.93
6.	1.00	Gj. Árlegt afnotagjald, útvarpið .....	200.00	200.00
7.	0.09	Ein. Óvegið meðaltal af myndatökum skv. gjaldskrá Ljósmyndafél. Íslands .....	771.00	69.39
8.	0.92	Stk. Filma 6x9 (8 myndir) .....	11.00	10.12
9.	0.92	Stk. Framköllun á 6x9 rúllu .....	7.00	6.44
10.	9.20	Stk. Kopering af 6x9 myndum .....	1.70	15.64
			<b>Alls E 6:</b>	<b>1032.34</b>

<b>7. Áfengi og tóbak</b>				
1.	0.50	Fl. 0.75 l Brennivín .....	115.00	57.50
2.	0.80	Fl. 0.75 l Ákavíti .....	120.00	96.00
3.	0.50	Fl. 0.75 l Whisky (ód. skozkt) .....	210.00	105.00
4.	0.50	Fl. 0.75 l Gin (ódyrasta tegund) .....	155.00	77.50
5.	0.62	Fl. 0.75 l Sherry .....	65.00	40.30
6.	3.00	Pk. 50 gr American Shag, Gromand, bréfpk. ....	13.00	39.00
7.	3.00	Pk. 1.5 oz.=44. gr Dills Best, bréfpk. ....	14.50	43.50
8.	1.00	Pk. 0.25 lbs.=113 gr Capstan Navy Cut, Mild, blikkd.	50.50	50.50
9.	2.11	St. 250 gr Neftóbak, glerkrukka (innl. framleiðsla)	52.50	110.78
10.	60.00	Stk. Agio Petitos, vindlar .....	2.55	153.00
11.	48.00	Pakkar Chesterfield (Skógr. ríkisins) .....	12.30	590.40
12.	40.00	Pakkar Camel (Skógr. ríkisins) .....	12.60	504.00
13.	5.00	Pakkar Raleigh (Skógr. ríkisins) .....	12.30	61.50
14.	24.10	Pakkar Ódyrust amerísk tegund .....	9.50	228.95
			<b>Alls E 7:</b>	<b>2157.93</b>

<b>8. Ýmis föst gjöld</b>				
1.	0.30	Ársg. Dagsbrún, hæsta gjald .....	200.00	60.00
2.	0.30	Ársg. Sjómfél. Rvíkur, hæsta gj. ....	200.00	60.00
3.	0.30	Ársg. Iðja, karlm. hæsta gjald .....	200.00	60.00
4.	0.21	Ársg. Iðja, konur hæsta gjald .....	135.00	28.35
5.	12.00	Mgj. Hjón, Sjúkrasaml. Rvíkur .....	90.00	1080.00
6.	1.00	Ársg. Hjón, almannatryggingagjald .....	952.00	952.00
7.	1.00	Ársg. Hjón með barn á skólaskyldualdri, námsbgj.	95.00	95.00
8.	1.00	Ársg. Hjón, kirkjugjald .....	126.00	126.00
			<b>Alls E 8:</b>	<b>2461.35</b>

<b>F. FRÁDRÁTTARLIÐIR (÷)</b>				
1.	0.725	Fjölskyldubætur m. 2. barni .....	0	0
2.	0.326	Fjölskyldubætur m. 3. barni .....	1098.00	357.95
3.	0.113	Fjölskyldubætur m. 4. barni .....	2196.00	248.15

	Magn	Eining	Skilgreining	Verð 1. nóv. 1957	
				Á ein. kr.	Alls kr.
4.	0.076		Fjölskyldubætur m. 5. barni .....	2196.00	166.90
5.	4.24		Smjörskammtur á ári × mismunarverð ...	67.20	284.93
6.	4.24		Smjörlikissk. á ári × mismunarverð .....	50.00	212.00
				<b>Alls F:</b>	<b>1269.93</b>

## Fylgiskjal II.

### Samningar ríkisstjórnarinnar um rekstrargrundvöll útvegsins o. fl.

#### 1. Starfsgrundvöllur bátaútvegsins.

Með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna vill ráðuneytið hér með staðfesta, að starfsgrundvöllur bátaútvegsins fyrir árið 1959 skal byggður á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., að öðru leyti en því, sem greinir í bréfi þessu:

1. Fiskverð og uppbætur til báta skulu ákvarðast á grundvelli þeirra rekstraráætlana fyrir línubát á vetrarvertíð á Faxaflóa, sem samkomulag hefur náðst um á milli sammingsnefnda L.Í.Ú. og ríkisstjórnarinnar, sem hér segir:
  - a. Baturinn fái bættu þá hækkun kostnaðar umfram hækkun tekna, að upphæð kr. 24928.00, sem samanburður rekstraráætlana sýnir (sbr. meðfylgjandi töflu).
  - b. Baturinn fái bættu hækkun á kostnaðarliðum, að upphæð kr. 25000.00, sem bætt var við rekstrargrundvöllinn samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og L.Í.Ú. í árslok 1957. Þessi hækkun áætlast 31.34% eða 7834 kr.
  - c. Baturinn fái bættu tvo nýja kostnaðarliði, sem ekki hafa áður verið taldir í grundvöllinum:
    - Trygging á munum skipverja kr. 2430.00.
    - Ábyrgðartrygging kr. 960.00.
  - d. Þar að auki fái baturinn bættu kostnaðaraukningu á ýmsum kostnaði auk þeirrar, sem talin er í rekstrarsamanburðinum, er nemi kr. 10000.00.
  - e. Baturinn fái upp borna þá hækkun á skiptaverði úr 1.55 í 1.75 miðað við þorsk, er samið hefur verið um á milli bátaútvegsmanna og sjómanna.
  - f. Baturinn fái upp borna hækkun vegna slysa- og dánarbóta samkvæmt 2. gr. sammings útvegsmanna og sjómanna og hækkun dagpeninga samkvæmt 8. gr. nefnds sammings. Þessi upphæð er áætluð 4500 kr.
  - g. Framangreint samkomulag er miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. janúar s. l. og kaupgreiðsluvísitölu 185. Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar.
2. Greiðslur útflutningsuppbóta skulu fara fram með svipuðum hætti og á svipuðum tíma, eftir að gjaldeyrisskil hafa farið fram, eins og verið hefur að undanfögnu. Sama gildir um greiðslu vinnslubóta, eftir að útflutningssjóði hafa borizt tilskildar skýrslur.
3. a. Útflutningssjóður skal greiða bráðafúaiðgjöld vélbáta fyrir árið 1958. Greiða skal fullt iðgjald, ef úthaldstími bátsins hefur verið 9 mánuðir eða lengur. Hafi úthaldstíminn verið skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.
  - b. Útflutningssjóður skal greiða váttryggingariðgjöld vélbáta (sjóváttryggingu og bráðafúatryggingu) fyrir árið 1959. Greiða skal full ársiðgjöld, ef úthaldstími bátsins á árinu 1959 verður 9 mánuðir eða lengri. Verði úthaldstíminn skemmri, lækka iðgjaldagreiðslurnar hlutfallslega. Greiðslur samkvæmt þess-

um staflið skulu aldrei nema hærri upphæð en svarar því nettóíðgjaldi, sem bátseiganda ber að greiða, eftir að „ristorno“ hefur verið dregin frá brúttóíðgjaldi.

- c. Sjóváttryggingariðgjöld gömlu togaranna Guðmundar Júnis og Gyllis skulu greidd með sama hætti og íðgjöld bátanna.
4. Ráðuneytið mun ítreka fyrri óskir við fjármálaráðuneytið, að stimpilgjöld af hverju láni útvegsmanna verði ekki tekin nema einu sinni, þrátt fyrir endurnýjun á afurðalánavíxlum, svo og að þinglestursgjald lækki af þessum lánnum.
  5. Ráðuneytið mun leggja áherzlu á, að fyrir 15. janúar n. k. verði búið að semja uppkast að reglugerð fyrir síldveiðideild hlutatryggingasjóðs um síldveiðar með reknetum.
  6. Ráðuneytið mun fyrir n. k. apríllök taka upp samninga við Landssambandið um rekstursgrundvöll bátaútvegsins á síldveiðum fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1959.
  7. Ráðuneytið mun greiða fyrir ráðningu erlendra sjómanna á fiskiskipaflotann á næstu vetrarvertíð, svo sem um útvegum á skipum til flutnings á sjómönnum þessum hingað til lands og aftur til þeirra heimalands, án þess þó að ríkissjóður eða útflutningssjóður greiði fargjöld þeirra.
  8. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að lán þau, sem ríkissjóður hefur ábyrgzt greiðslu á vegna viðgerða á skipum sökum bráðafúaskemmda, verði gefin útvegsmönnum eftir.
  9. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því við Seðlabankann og viðskiptabankana, að veitt verði lán á útflutningsafurðir, er nemi jafnháum hundradshluta af fobandvirði útflutningsafurðanna að viðbættum útflutningsuppbótum eins og að undanförunu. Sjái Seðlabankinn sér ekki fært að endurkaupa víxla vegna þess hluta uppbóta, sem heyrir útvegsmönnum til, og að svo miklu leyti sem útvegsmenn óska ekki eftir að framselja vinnslustöðvum þessar bætur, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að Seðlabankinn geri viðskiptabönkunum kleift að veita lán, er nema tveimur þriðju hlutum þessara uppbóta. Mun ríkisstjórnin einnig beita sér fyrir því, að vextir af lánnum út á uppbætur útvegsmanna verði ekki hærri en vextir á afurðavíxlum.
  10. Ríkisstjórnin mun í samráði við bankana taka til ahugunar möguleikana á því að veita allt að 3 ára lán til kaupa nýrra nóta og nótabáta til síldveiða norðanlands.
  11. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að eigi sé tekið herra geymslufé í bönkum vegna innflutnings útgerðarvöru en sem nemur 25% af fob-verði vörunnar.
  12. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að skuldaskilamálið verði leyst með samkomulagi, efnislega á sama grundvelli og frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir, þó þannig, að ekki fari í bága við stjórnarskrána.
  13. Ríkisstjórnin mun líta með skilningi á þörf báta og togara til þess að sigla með ísvarinn fisk og síld til sölu á erlendum mörkuðum á vissum árstíma.
  14. Innflutningsskrifstofan mun halda áfram að láta Landssambandi ísl. útvegsmanna í té sem trúnaðarmál mánaðarlegt yfirlit um leyfisveitingar og gjaldeyris-sölu.
  15. Verðbætur bátaútvegsins úr útflutningssjóði verði greiddar í gegnum L.Í.Ú., eins og verið hefur, en samtökin skipti upphæðunum milli útvegsmanna eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra samþykkir.
  16. Greiddar verði útflutningsbætur á lýsi og mjöl úr síld, sem veidd verður á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí 1959, og skulu uppbæturnar verða hinar sömu og greiddar verða vegna þorskveiða bátanna.

Til Landssambands ísl. útvegsmanna,  
R.

## 2. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar varðandi kaup og kjör bátasjómannanna.

5. janúar 1959.

Í samband við samningagerð Landssambands íslenzkra útvegsmanna og samtaka sjómanna um kaup og kjör bátasjómannanna á þessu ári vill ríkisstjórnin taka fram eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu þess efnis, að nógildandi skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum hækki úr kr. 1350.00 í kr. 1700.00 á mánuði, og gildi um þetta að öðru leyti sömu reglur og verið hafa.
2. Ríkisstjórnin mun skipa nefnd til að undirbúa löggjöf um lifeyrissjóð bátasjómannanna og farmanna.
3. Við undirskrift samnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómanna-samtakanna innan Alþýðusambands Íslands um fiskverð o. fl., dags. 3. þ. m., gerði samninganefnd sjómanna fyrirvara, svo hljóðandi:

„Ef samningar takast á milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna um fiskverð og kauptryggingu á þessu ári, þá er ríkisstjórnin því samþykk, að ef vísitalan breytist frá 185 stigum, skuli fiskverð hækka eða lækka í hlutfalli við þá breytingu. Enn fremur samþykkir ríkisstjórnin, að í fyrirhugaðri lagasetningu um efnahagsmálin muni hún leggja til, að kjör sjómanna samkvæmt samningi þessum skuli ekki skert.“

Þar sem ágreiningur hefur komið upp um það milli fulltrúa sjómannasamtakanna innan A.S.Í., sem að samningunum stóðu, hvernig skilja beri framangreindan fyrirvara við samninginn um fiskverð til skipta, þá tekur ríkisstjórnin fram, að hún samþykkir fyrirvarann með þeim skilningi, að fyrri málsliðurinn í fyrirvaranum taki til hvers konar breytinga kaupgreiðsluvísitölu, en síðari liðurinn eigi eingöngu við grunnkaup og kauptryggingu.

## 3. Verðuppbætur á hraðfrystan fisk o. fl.

14. janúar 1959.

Með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fiskvinnslustöðva á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga vill ráðuneytið staðfesta, að verðuppbætur á hraðfrystan fisk og lágmarksverð það, sem fiskvinnslustöðvar greiða fyrir báta- og togarafisk, skulu vera í samræmi við bréf ráðuneytisins frá 7. júlí 1958 að öðru leyti en sem hér segir:

1. Bætur á smáfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlinu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda, skulu hækka úr kr. 0.34 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.40. Er þá tilskilið, að vinnslustöðvar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Bætur á ýsu, steinbít og flatfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.33 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.45.
3. Bætur á allan fisk, sem veiddur er á tímabilinu 15. maí til 31. desember og tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.12 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.24.

Þessi hækkun á bótum mun að öllu leyti greidd vinnslustöðvum. Eins og áður munu tegundabætur greiddar bæði á báta- og togarafisk, en smáfisk- og tímabilsbætur aðeins á bátafisk.

Skilyrði það varðandi verð á beitu, sem sett var í tveim síðustu málsgreinum í bréfi ráðuneytisins til fiskvinnslustöðvanna frá 9. janúar 1958, fellur nú niður.

Framangreint samkomulag er miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. janúar s. l., og kaupgreiðsluvísitölu 185. Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar. Þó skal sú endurskoðun ekki hafa áhrif á þá hækkun sérstakra bóta, sem að framan getur.



Þá staðfestir ráðuneytið enn fremur eftirfarandi atriði í samræmi við viðræður þær, er átt hafa sér stað við fulltrúa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fiskvinnslustöðva á vegum S.Í.S.:

1. Ráðuneytið mun ítreka fyrri óskir við fjármálaráðuneytið, að stimpilgjöld af lánum út á sjávarafurðir verði ekki tekin nema einu sinni, þrátt fyrir endurnýjun þeirra, svo og að þinglestursgjöld lækki af þessum lánum.
2. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að eigi sé tekið hærra geymslufé í bönkum vegna innflutnings á rekstrarvörum og tækjum fiskvinnslustöðva en 25%.
3. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því, í samráði við stjórn útflutningssjóðs og L.Í.Ú., að hluti útvegsmanna af útflutningsbótum verði greiddur vinnslustöðvum, þegar þannig stendur á, að útvegsmenn hafa framselt vinnslustöðvum bæturnar.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Seðlabankinn, eins og að undanfögnu, endurkaupi víxla út á útflutningsafurðir, að tveimur þriðju hlutum af fobandvirði afurðanna að viðbættum þeim útflutningsuppbótum, sem vinnslustöðvum eru greiddar eða útvegsmenn hafa framselt þeim. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka til athugunar við Seðlabankann, hvort ekki sé hægt að ákveða útflutningsverð það, sem lán Seðlabankans miðast við, á sama hátt og gert var á s. l. vertíð.
5. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að viðskiptabankarnir, eins og að undanfögnu, veiti viðbótarlán út á útflutningsafurðir, sem ekki nemi lægri upphæð en 14% af láni Seðlabankans út á þessar afurðir, og hærri upphæðum, þegar sérstaklega stendur á.
6. Ríkisstjórnin mun stuðla að því, að tekið verði upp hið fyrsta það fyrirkomulag, að útflytjandi fái greiddar 55% útflutningsbætur í banka, um leið og gjaldeyris-skil fara fram.
7. Í sambandi við endanlega ákvörðun fiskverðs og útflutningsbóta fyrir árið 1959 mun ríkisstjórnin hlutast til um, að fiskvinnslustöðvar fái bætt áhrif launa-hækkunar þeirrar, er orðið hefur í desember 1958 umfram kaupgreiðsluvísitölu 185, að svo miklu leyti sem atvinnufyrirtæki í landinu fá almennt bætur fyrir þessa hækkun við ákvörðun á verðlagi þeirra.

Til

fiskvinnslustöðva innan Sambands ísl. samvinnufélaga,  
Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

#### 4. Verðuppbætur á saltfisk og skreið o. fl.

17. jan. 1959.

Með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Sölusambands ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda vill ráðuneytið staðfesta, að verðuppbætur á saltfisk og skreið og lágmarksverð á það, sem fiskvinnslustöðvar greiða fyrir báta- og togarafisk, skulu vera í samræmi við bréf ráðuneytisins til Landssambands ísl. útvegsmanna og samtaka fiskvinnslustöðva frá 7. júlí 1958, að öðru leyti en sem hér segir:

1. Bætur á smáfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda, skulu hækka úr kr. 0.34 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.40. Er þá tilskilið, að vinnslustöðvar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk. Eins og að undanfögnu greiðast þessar bætur eingöngu á bátafisk.
2. Bætur á ýsu, steinbít og flatfisk, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.33 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.45. Þessar bætur greiðast bæði á báta- og togarafisk.

3. Bætur á allan fisk, sem veiddur er á tímabilinu 15. maí til 31. desember og tekinn er til vinnslu til útflutnings, hækka úr kr. 0.12 pr. kg af sl. f.m.h. í kr. 0.24. Eins og að undanfögnu greiddast þessar bætur eingöngu á bátafisk.
4. Sérstakar bætur, að upphæð kr. 0.12 pr. kg af sl. f.m.h., skulu greiddar á allan togarafisk, sem veiddur er í salt á tímabilinu 15. maí til 31. des. og tekinn er til vinnslu til útflutnings.
5. Sérstakar bætur, að upphæð kr. 0.07 pr. kg af sl. f.m.h., skulu greiddar á allan fisk, hvort sem er af bátum eða togurum, sem tekinn er til vinnslu sem saltfiskur eða skreið til útflutnings.

Allar þessar sérstöku bætur munu að öllu leyti greiddar vinnslustöðvum.

Framangreint samkomulag er miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. jan. s. l., og kaupgreiðsluvísitölu 185. Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar. Þó skal sú endurskoðun ekki hafa áhrif á þá upphæð sérstakra bóta, sem að framan getur.

Þá staðfestir ráðuneytið enn fremur eftirfarandi atriði í samræmi við viðræður þær, er átt hafa sér stað við fulltrúa fiskvinnslustöðvanna:

1. Ráðuneytið mun ítreka fyrri óskir við fjármálaráðuneytið, að stimpilgjöld af lánnum út á sjávarafurðir verði ekki tekin nema einu sinni, þrátt fyrir endurnýjun þeirra, svo og að þinglestursgjöld lækki af þessum lánnum.
2. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að eigi sé tekið hærra geymslufé í bönkum vegna innflutnings á rekstrarvörum og tækjum fiskvinnslustöðva en 25%.
3. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því í samráði við stjórn útflutningssjóðs og L.Í.Ú., að hluti útvegsmanna af útflutningsbótum verði greiddur vinnslustöðvum, þegar þannig stendur á, að útvegsmenn hafa framselt vinnslustöðvum bæturnar.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Seðlabankinn, eins og að undanfögnu, endurkaupi víxla út á útflutningsafurðir, að tveimur þriðju hlutum af fob-andvirði afurðanna að viðbættum þeim útflutningsuppbótum, sem vinnslustöðvum eru greiddar eða útvegsmenn hafa framselt þeim. Jafnframt mun ríkisstjórnin taka til athugunar við Seðlabankann, hvort ekki sé hægt að ákveða útflutningsverð það, sem lán Seðlabankans miðast við, á sama hátt og gert var á s. l. vertíð.
5. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að viðskiptabankarnir, eins og að undanfögnu, veiti viðbótarlán út á útflutningsafurðir, sem ekki nemi lægri upphæð en 14% af láni Seðlabankans út á þessar afurðir, og hærri upphæðum, þegar sérstaklega stendur á.
6. Ríkisstjórnin mun stuðla að því, að tekið verði upp hið fyrsta það fyrirkomulag, að útflytjandi fái greiddar 55% útflutningsbætur í banka, um leið og gjaldeyrissskil fara fram.
7. Í sambandi við endanlega ákvörðun fiskverðs og útflutningsbóta fyrir árið 1959 mun ríkisstjórnin hlutast til um, að fiskvinnslustöðvar fái bætt áhrif launahækkunar þeirrar, er orðið hefur í desember 1958 umfram kaupgreiðsluvísitölu 185, að svo miklu leyti sem atvinnufyrirtæki í landinu fá almennt bætur fyrir þessa hækkun við ákvörðun á verðlagi þeirra.

Til  
Sölusambands ísl. fiskframleiðenda,  
Samlags skreiðarframleiðenda.

## 5. Yfirlit yfir afkomu frystihúsanna (des. 1958).

### Áætlun og útkoma árið 1958.

Í nóvember 1957 gerði S. H. áætlun um framleiðslu og sölu á fiskflökum á árinu 1958. Var gerð grein fyrir aðalefni þessarar áætlunar í Yfirliti yfir afkomu frystihúsanna (des. 1957).

Nú hefur S. H. látið nefndinni í té bráðabirgðauppgjör fyrir framleiðslu og sölu á freðfiski árið 1958.

Í töflunni hér á eftir eru teknar upp helztu tölur úr áætluninni og bráðabirgðauppgjörinu, auk þess sem bætt er við upplýsingum um uppbæturnar svokölluðu, þ. e. smáfiskuppbætur og þær aukauppbætur, sem komu til í maí 1958. Þær upplýsingar eru frá útflutningssjóði.

	Áætlun 1958 (nóv. 1957)	Bráðabirgðauppgjör (nóv. 1958)
Flök, tonn .....	39 600	55 423
Verðmæti fob. ....	234 662	339 737
Söluverðmæti + uppbætur .....	286 759	520 286
Maí-uppbætur <sup>1)</sup> .....	„	1 300
Uppbætur á ýsu <sup>1)</sup> .....	„	2 000
Smáfiskuppbætur <sup>1)</sup> .....	6 000	8 000
Framleiðslukostn. ....	316 732	552 895
Áætlaður halli .....	23 974	21 309

Framleitt magn af flökum árið 1958 varð 40% meira en áætlunin gerði ráð fyrir, eða tæpum 16000 tonnum meira.

Af þessari aukningu námu þorsklökin rúmum 7000 tonnum, en karfaflökin tæpum 9000 tonnum.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir sölna á flökunum eftir löndum, framleiðsluáranna 1957 og 1958. Jafnframt er til samanburðar áætlunin fyrir árið 1958. (Síðar verður vikið að síðasta dálkinum).

	Sala 1957 (nóv. 1957) tonn	Áætlun 1958 (nóv. 1957) tonn	Sala 1958 (nóv. 1958) tonn	Áætlun 1959 (nóv. 1958) tonn
<b>Þorskur</b> .....	23 645	23 350	30 605	25 485
Bandaríkin .....	3 930	8 650	10 335	9 600
Sovétríkin .....	13 065	3 000	10 665	2 535
Önnur clearinglönd .....	6 060	10 150	8 305	10 650
Vestur-Evrópa .....	590	1 550	1 300	2 700
<b>Karfi</b> .....	13 765	13 600	22 180	17 400
Bandaríkin .....	2 435	1 750	2 695	2 250
Sovétríkin .....	11 300	11 600	17 595	14 000
Önnur clearinglönd .....	30	250	1 890	1 150
<b>Ýsa</b> .....	3 120	2 800	2 975	2 900
Bandaríkin .....	2 430	2 500	2 695	2 300
Önnur clearinglönd .....	490	„	30	„
Vestur-Evrópa .....	200	300	250	600
	40 530	39 750	55 760	45 785

Salan á þorsklökum til Bandaríkjanna varð því tæpum 1700 tonnum meiri en áætlað var — og var þó áætluð mjög rifleg aukning. Þá seldist einnig til Bandaríkjanna tæpum 1000 tonnum meira af karfaflökum en áætlað hafði verið.

1) Ekki í áætlun S. H. eða uppgjóri.

Til Sovétríkjanna var selt tæpum 7700 tonnum meira af þorskflökum en áætlað hafði verið, en þó 2400 tonnum minna en árið áður.

Enn fremur var selt til Sovétríkjanna 6000 tonnum meira af karfaflökum en gert hafði verið ráð fyrir.

Til clearinglandanna (annarra en USSR) fóru rúmum 1800 tonnum minna af þorskflökum en gert hafði verið ráð fyrir, en rúmum 1600 tonnum meira af karfaflökum.

#### Áætluð sala 1959 eftir löndum.

Síðasta dálkinn í töflunni hefur ekki verið minnzt á, en hann sýnir áætlun S. H. fyrir sölu á framleiðslu ársins 1959.

Áætlað framleiðslumagn fyrir árið 1959 er meðaltal af framleiðslu síðustu þriggja ára. Þetta er að okkar áliti of lágt áætlað, þar sem hér er um 15% lækkun að ræða, miðað við árið 1958. Bæði er það, að flotinn hefur verið að stækka og mun gera það enn frekar á árinu 1959 og að framleiðslugeta hraðfrystihúsanna fer sífellt vaxandi.

Aðalbreytingin á áætlaðri sölu þorskflaka er, eins og sést á töflunni, sú að minnka söluna til Sovétríkjanna um 8000 tonn.

Þá er einnig eftirtektarvert, að áætlunin gerir ráð fyrir tvöföldun sölunnar til Vestur-Evrópu, aðallega til Bretlands.

Enn fremur er gert ráð fyrir aukningu á sölunni til clearinglandanna (annarra en Sovétríkjanna), sem nemur 2300 tonnum.

Áætlunin gerir ráð fyrir sölu karfaflaka af framleiðslu ársins 1959 í svipuðum hlutföllum og áður, og mun það ekki fjarri lagi. Vitað er hins vegar, að Sovétríkjunum hafa verið boðin 22000 tonn af karfaflökum á árinu 1959, en nokkur hluti af því eru birgðir frá 1958.

Bráðabirgðauppgjörið fyrir árið 1958 sýnir, að reiknað tap er heldur minna en áætlunin gerði ráð fyrir (21.3 millj. í stað 24 millj. kr., og er þá tekið tillit til hinna sérstöku uppbóta).

Eins og áætlunir S. H. eru úr garði gerðar, hefur framleiðslumagnið þau ein áhrif á tapið að breyta því hlutfallslega, þannig að 40% aukning á framleiðslumagninu veldur því, að hallinn vex um 40%. Ástæðurnar fyrir því, að útkoman sýnir minni halla en áætlað var, eru einkum nokkur hækkun uppbótanna og nokkur hækkun á útflutningsverðlagi. Að sjálfsögðu þýðir stóraukið framleiðslumagn betri fjárhagsafkomu fyrir frystihúsin, þótt það komi ekki fram í uppgjörinu, sem byggir á standardiseruðum framleiðslukostnaðarútreikningum. Verður vikið nánar að þessu atriði í athugasemdunum við áætlun S. H. sem og fleiri atriðum, sem ekki verða rædd hér til að komast hjá endurtekningum.

#### Áætlun S. H. fyrir árið 1959.

Eins og áður segir, hefur S. H. látið oss í té áætlun um framleiðslu og sölu á hraðfrystum fiski á árinu 1959. Hefur þegar verið rætt um söluáætlunina eftir löndum og tegundum. Hér á eftir verður rætt um aðra þætti þessarar áætlunar. Niðurstöðutölurnar fara hér á eftir og enn fremur áætlun og bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1958 til samanburðar.

	Áætlun 1958 (nóv. 1957)	Bráðabirgðauppgjör (nóv. 1958)	Áætlun 1959 (nóv. 1958)
Flök, tonn .....	39 600	55 423	47 055
Verðmæti fob. ....	234 662	339 737	282 371
Söluverðmæti + upbætur ....	286 759	520 286	451 914 <sup>2)</sup>
Maí-uppbætur <sup>1)</sup> .....	„	1 300	1 300
Uppbætur á ýsu <sup>1)</sup> .....	„	2 000	3 600
Smáfiskuppbætur <sup>1)</sup> .....	6 000	8 000	7 000
Framleiðslukostn. ....	316 732	552 895	534 999
Áætlaður halli .....	23 974	21 309	71 185

## Athugasemdir við framleiðslukostnaðaráætlun og söluáætlun S. H. fyrir árið 1959.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir um hina sérstöku framleiðslukostnaðaráætlun S. H. fyrir árið 1959.

### Vinnulaun.

Framleiðslukostnaðaráætlunin fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir hækkun vinnulauna (miðað við áætlunina fyrir árið 1958), sem nemur 18.2%. Hækkun tímakaupsins er 16.2%, en við það bætast 2%, sem er kostnaður vegna fjölgunar veikindadaga, seni ekki er unnið. Tímakaup iðnaðarmanna hefur að vísu ekki hækkað nema um 12.5%, en hins vegar hefur orðið meiri hækkun á kaupi kvenna en karla í frystihúsunum. Af þessari hækkun voru 5% tekin inn í starfsgrundvöllinn í maí 1958.

### Eftirlit.

Í áætluninni er nýr kostnaðarliður, er nefnist eftirlit, og nemur hann 2% af heildarframleiðslukostnaðinum. Telur S. H. nauðsynlegt að taka upp aukið eftirlit með framleiðslunni, þar sem komið hefur í ljós, að vöru hefur verið spillt þannig, að í henni hafa fundizt glerbrot, naglar, vir, sigarrettustubbar o. s. frv. Ekki er ósanngjarnt að gera ráð fyrir auknu eftirliti að einhverju leyti, t. d. svo næmi 0.25% heildarframleiðslukostnaðarins, en 2% teljum við algerlega óraunhæft. Af heildarframleiðslu frystihúsanna mundu 2% nema um 14 millj. kr. á ári, eða árslaunum um 200 manna. Við teljum rétt, að þessi kostnaður verði ekki talinn sérstakur liður, heldur innifalinn í fasta kostnaðinum, og verður rétt um hann þar. Þessi liður fellur því niður með öllu. Í áætlun S. H. nemur hann 10.3 milljónum króna.

### Nýtingin.

a) Þorskur. Áætlunin fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir, að til framleiðslunnar þurfi 3% meira hráefni en áður. Þetta þýðir m. a., að vinnulaunakostnaðurinn hækkar tilsvarendi. Hér er um að ræða ákaflega þýðingarmikið atriði. Þessi lækking á nýtingu er skýrð þannig, að netafisks gæti æ meir, og er hann talinn lélegra hráefni, en annar fiskur. Það mun rétt vera, að netafiskur er lélegra hráefni, en það er ekki nýtilkomið. En hins vegar hefur orðið talsverð breyting, þegar litið er yfir nokkurt árabil. Þessi breyting á framleiðslukostnaðinum jafngildir hartærri 3% minni framleiðslu (miðað við óbreytt hráefni). Áhrifin á framleiðslukostnaðinn eru þau að hækka hann kringum 2.5% eða um samtals 6.5 millj. króna. Í samanburði milli áráanna 1958 og 1959 er sáralitill grundvöllur fyrir þessari breytingu. Á árinu 1958 jókst hlutdeild netafisksins í vertíðarafla bátaflotans úr 74.5% í 78.7%. Í þessu sambandi er rétt að minna á það, að á þessu tímabili hefur nýtingin verið lækkuð í kostnaðaráætlunum S. H.

b) Karfi. Áætlunin fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir 10% minni nýtingu við vinnslu karfans, miðað við 7 lbs. þakkingu. Nýtingin lækkar úr 25 niður í 22.5%. Rétt er að taka fram, að öll kostnaðaráætlunin er miðuð við handflökun. (Í rauninni er meginhluti karfans flakaður í vélum og verður vikið að því síðar.) Okkur þykir sennilegt, eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, að nýtingin á karfa frá New Foundlandsmiðum sé minni en á karfa frá öðrum miðum, en okkur þykir ó langt gengið að gera ráð fyrir 10% minni nýtingu á öllum karfa á næsta ári. Þetta atriði þyrfti að rannsaka.

### Fasti kostnaðurinn.

Síðustu árin hefur S. H. haft þann sið að hækka fasta kostnaðinn í réttu hlutfalli við hækkun vinnulauna, þannig að fastur kostnaður er reiknaður jafnhár vinnulaunum í vinnslukostnaði fyrir hverja þakkingu.

1) Ekki í áætlun S. H. eða uppgjöri.

2) Miðað við hráfnisverð á þorski kr. 1.50, á karfa kr. 1.75.

Hækkun á vinnulaunum um 18.2% hækkar fasta kostnaðinn, sem S. H. reiknar af framleiðslu sinni, af þorsk-, ýsu- og karfaflökum á árinu 1959 um 8.2 millj. kr.

Við höfum áður gert þetta fyrirkomulag að umræðuefni í fyrri skýrslum, og skal það ekki endurtekið að þessu sinni. En við teljum, að hinn nýi kostnaðarliður, eftirlit, sem við höfum áður minnst á, heyri að réttu lagi undir þennan lið og ekki þurfi aðra hækkun hans vegna en þegar er gert ráð fyrir í hækkun fasta kostnaðarins.

#### **Grundvöllurinn.**

Um sjálfan framleiðslukostnaðargrundvöllinn sögðum við í skýrslu okkar í fyrra eftirfarandi: „Á undanförnum árum hefur framleiðslukostnaðargrundvöllinn verið breytt í veigamiklum atriðum. Hefur þetta einkum gerzt á þann hátt, að á hverju ári hefur kostnaðarreikningi vegna nokkurra þakninga verið stórbreytt. Og er nú svo komið, að kostnaðargrundvöllurinn hefur allur verið hækkaður a. m. k. 10—15%. Sú skoðun hefur verið látin í ljós, að með þeim breytingum, sem nú voru gerðar, sé endurskoðun grundvallarins lokið.“

Við munum nú víkja að nokkrum atriðum, sem lúta að frystihúsarekstrinum almennt.

#### **Framleiðslumagn.**

Áætlun S. H. fyrir árið 1959 gerir ráð fyrir framleiðslu á 45 787 tonnum af flökum úr þorski, ýsu og karfa, og er þar byggt á þriggja ára meðaltali, eins og áður sýnir. En framleiðsla S. H. í ár mun vera um 60000 tonn af sömu fisktegundum. Við teljum að áætlunin sé of lág. Réttara væri að miða við 60000 til 65000 tonna framleiðslu S. H. En framleiðslumagnið er stórkostlega þýðingarmikið atriði fyrir rekstur húsanna, vegna þess að meira framleiðslumagn lækkar fasta kostnaðinn á hverja einingu af framleiddri vöru, þótt framleiðslukostnaðarreikningar S. H. séu ekki þannig gerðir.

Á fáum árum hefur meðalframleiðslumagn frystihúsanna tvöfaldast.

#### **Verðlag.**

S. H. reiknar með sama verðlagi í Bandaríkjunum á komandi ári og var þar árið 1957, en ekki með verðlaginu í ár, sem er hærra.

Á árinu 1958 hækkaði verðlagið á þorsklökum í neytendapakkingum í Bandaríkjunum um í kringum 10%, miðað við áætlun S. H. fyrir 1958. En verðið á blokkunum, sem er að miklu leyti samningsbundið, hélzt að mestu leyti óbreytt, miðað við sömu áætlun. Meðalverðið varð því um 3% hærra en áætlað hafði verið.

Meðalhækkun á ýsuverðinu var 5.4%, miðað við það, sem áætlunin fyrir 1958 gerði ráð fyrir, en á karfanum 9%. (Hér er miðað við áætlaða skiptingu eftir þakningum fyrir Bandaríkjamarkað á árinu 1959.) Miðað við, að sama verð fengist í Bandaríkjunum 1959 og fékkst 1958, yrði fob-verð sölu S. H. þangað á árinu 1959 3.9 milljónum króna hærra en áætlunin gerir ráð fyrir, eða með uppbótum 7 milljón krónum hærra.

Verðlag á öðrum mörkuðum er óbreytt.

#### **Stór hús og smá.**

Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á, hve húsin framleiða misjafnlega mikið. Stærð þeirra sem framleiðenda fer að mestu eftir aðstöðu þeirra til að afla hráefnis.

Á árinu 1956 voru um 30 hús með minna en 400 tonna framleiðslu hvert og framleiddu samtals um 8% af heildarflakamagninu.

Bráðabirgðatölur fyrir árið 1958 sýna, að á þessu hefur orðið lítil breyting. Aukning aflamagnsins hefur fyrst og fremst horizt til stærri húsanna, en í þeirra tölu eru einnig nýju húsin. Bilið milli smáu og stóru húsanna hefur stækkað. Hér á eftir verður þetta atriði kallað aðstöðumunurinn.

Síðustu árin hefur aðstöðumunurinn farið vaxandi, þannig að nú er svo komið, að full ástæða er til að taka hann til sérstakrar athugunar, það er að segja að leita eftir leiðum til að leysa vanda smáhúsanna á þann hátt, sem þeim hæfir (þeirra vandamál er ekki fyrst og fremst verðlagsvandamál), leysa síðan vandamál annarra húsa á þann hátt, sem hæfir þeirra vandamáli (þeirra vandamál er fyrst og fremst verðlagið).

#### Flökunarvélarnar.

Á síðustu tveimur árum hafa frystihúsin verið að kaupa flökunarvélar frá Vestur-Þýzkalandi. Í árslok 1957 hafði verið komið fyrir 25 vélum í frystihúsunum. Nú eru vélarnar ornar 48 talsins. Auk þess eru 7 vélar í pöntun. Í ár hefur um 55% flökunarmagnsins (skv. bráðabirgðauppgjöri) verið flakað í vélum. (Hús með 63% af framleiðslunni hafa vélar, og er hér gert ráð fyrir, að þau flaki 90% af þorskinum og 80% af karfanum í vélum.) Það er því augljóst, að auk aðstöðumunarins er nú komið annað atriði, sem veldur vaxandi mismun á rekstraraðstöðu og afkomu stóru og smáu húsanna. Auk þess hafa stærri húsin ýmsan annan útbúnað umfram smærri húsin.

Þetta er stórmál, þótt ekki sé hægt að fara út í það í þessu stutta yfirliti. Allir kostnaðarreikningar S. H. miðast við handflökun, en það liður óðum að því (jafnvel á næsta ári), að 80—90% af framleiðslu þeirra húsa, sem eru í S. H., verði vélflakað. Þessi mikla vélvæðing og hin stórkostlega breyting, sem verður á framleiðslunni, hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á rekstur og raunverulega rekstrarreikninga húsanna. (En kostnaðaráætlanirnar miðast allar við hið svokallaða „meðalhús“.) Notkun vélanna hefur mikil áhrif á nýtingu og vinnulaunakostnað.

#### Lokaorð.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að afkoma frystihúsanna á árinu 1958 hafi yfirleitt verið góð.

Þau fjögur atriði, sem mest hafa stuðlað að batnandi afkomu frystihúsanna, eru eftirfarandi:

1) Aukning framleiðslumagns. Framleiðslumagn S. H. jókst um 40% á árinu (þar af um helmingur eða um 9000 tonn hjá nýju húsunum). Nefndin telur, að þessi aukning hafi haft í för með sér lækkingu vinnslukostnaðarins um 2,5—4%.

2) Betri nýting hráefnis vegna notkunar flökunarvéla. Nýting vélflakaðs þorsks er um 9% meiri en handflakaðs (þ. e. nýtingarprósentan hækkar um ca. 3%). Nýting vélflakaðs karfa er einnig mun meiri, en það mál hefur ekki verið rannsakað sem skyldi. Nefndin telur, að bætt nýting svari til þess, að vinnslukostnaðurinn á einingu hafi lækkað um 4—5%.

3) Vinnusparnaður vegna flökunarvéla. Handflökun er vinnufrek, vélarnar spara því mikið vinnuafli. Nefndin telur þó ekki rétt að taka tillit til þessa sparnaðar að sinni, þar sem vélarnar kosta mikið fé og enn fremur þar sem afborganir af vélunum hafa hækkað á árinu vegna hækkunar á yfirfærslugjaldi.

4) Hækkun fiskverðs. Fiskverð í Bandaríkjunum hefur að meðaltali hækkað um 3%. Þetta svarar til þess, að vinnslukostnaður hafi lækkað um 1,7% á einingu.

Þessi fjögur atriði svara til þess, að vinnslukostnaður hafi lækkað 8,2—10,7% á einingu. Rétt er að taka fram, að hagstæð áhrif, þau, sem um ræðir í lið 1—3, ná ekki til smáhúsanna, og þau, sem um ræðir í lið 1, ná heldur ekki til nokkurra meðalstórra húsa, sem ekki fengu verulega aukningu hráefnis á árinu.

Það eru aðallega tvö atriði, sem hafa óhagstæð áhrif á afkomu frystihúsanna:

1) Hækkun vinnulauna. Frá 29. maí 1958 til nóvember í ár hefur orðið hækkun á vinnulaunakostnaði um 11—13% (miðað við kaupgjaldsvísitöluna 185, sem áætlanir S. H. miðast við). Af þessum sökum telur nefndin, að vinnslukostnaður á einingu hafi hækkað um 7—8%.

2) Lakari nýting. Orðið hefur hlutfallsleg aukning á netafli, miðað við annan

afla. Þá hefur einnig sá karfi, sem aflazt hefur við New Foundland, gefið lakari nýtingu en annar karfi. Af þessum sökum telur nefndin, að vinnslukostnaður á einingu hafi hækkað um 1.6%.

Þessi tvö atriði valda því óhagstæðari afkomu hjá frystihúsunum, sem nemur 8.6—9.6% hækkun á vinnslukostnaði á einingu.

Þess ber að gæta, að nefndin hefur mjög ófullkomnar upplýsingar um ýmis veigamikil atriði og að útreikningar þeir, sem að framan getur, eru þar af leiðandi ekki nákvæmir. Samt sem áður telur nefndin óhætt að álykta, að þau atriði, sem valdið hafa batnandi afkomu frystihúsanna, vegi nokkurn veginn upp þau atriði, sem valda óhagstæðari afkomu þeirra (og aðallega eru tilkomin síðustu mánuðina).

Nefndin vill hins vegar benda á, að í áhrifum hækkunar vinnulaunanna á afkomu frystihúsanna, sem reiknað er með hér að framan, er ekki tekið tillit til áhrifa launahækkanna á aðra kostnaðarliði en öll vinnulaun. En þegar frá líður koma þessar hækkningar fram í öðrum liðum, svo sem byggingarkostnaði.

Reykjavík, 20. desember 1958.

Benjamín Eiríksson. Davíð Ólafsson. Haukur Helgason. Tómas Árnason.

#### 6. Samanburður á skiptaverði og samningsgrundvelli 1959.

	Tekjur:	Skiptaverð	Samn. grundv. 1959
1. Afli .....	472 860 á 1,6407	775 821	703 616
2. Lifur .....	30 689 á 2,16	66 288	66 288
3. Hrogn .....	11 822 á 3,13	37 003	35 111
4. Endurgr. trygging			
5. Verðb. á fiski .....			267 875
6. Verðb. á hrognum .....			14 659
	<b>Gjöld:</b>		
1. Beita .....	44 400 á 2,70	119 880	124 320
2. Olía .....		54 495	54 495
3. Akstur .....		12 091	12 387
4. Aukavinna .....		16 664	17 617
5. Viðlegugjald .....		10 000	10 000
6. Bjóðageymsla .....		3 250	3 250
7. Hafnargjöld .....		7 000	7 000
Viðbót 5—7 .....		1 350	2 025
8. Hlutir 28 451×14 .....		398 730	362 929
9. Veifarferi .....		111 765	112 045
10. Trygging skipshafnar .....		9 436	9 436
11. Viðhald skips og vélar .....		84 001	87 803
12. Trygging skips .....		32 285	32 285
13. Trygging afla og veifarfera .....		2 271	2 271
14. Vextir af reksturslánum .....		4 344	4 436
15. Opinber gjöld .....		4 000	4 000
16. Skrifstofukostnaður .....		20 990	21 776
17. Ýmis kostnaður .....		11 567	12 000
18. Vextir af höfuðstól .....		52 725	53 840
19. Fyrningar .....		131 061	133 831
20. Fastakaup yfirmanna .....		9 641	10 192
21. Orlofsfé .....		23 899	21 776



	Skiptaverð	Samn. grundv. 1959
22. Leiga fyrir geymsluhúsnæði .....	3 000	3 000
23. Aksturskostnaður .....	6 045	6 193
Viðbót v/10, 15, 22 .....	1 096	1 644
24. Trygging á munum skipverja .....	2 430	2 430
25. Ábyrgðartr. ....	960	960
26. Dánarb., slysatr.gj. o. fl. ....	4 500	4 500
Viðbót v/ýmsan kostn. ....	9 639	10 000
Uppb. v/25 000 .....	7 125	7 835
Til þess að samn. gengju saman '57—'58 ....	25 000	25 000

#### 7. Samanburður á samningsgrundvelli 1958 og 1959.

	Samningsgrundv. 1958	Samningsgrundv. 1959
<b>Tekjur:</b>		
1. Afli, 472 860 kg .....	567 101	703 616
2. Lifur, 30 689 l .....	33 758	66 288
3. Hrogn, 11 822 kg .....	29 082	35 111
Samtals 1—3	629 941	805 015
4. Endurgr. trygging .....	19 991	
5. Verðbætur á fisk .....	264 802	267 875
6. Verðbætur á hrogn .....	16 456	14 659
Samtals 4—6	301 249	282 534
Alls 1—6	931 190	1 087 549
<b>Gjöld:</b>		
1. Beita .....	104 340	124 320
2. Olía .....	38 711	54 495
3. Akstur .....	9 394	12 387
4. Aukaviinna .....	15 158	17 617
5. Viðlegugjöld .....	10 000	10 000
6. Bjóðageymsla .....	3 250	3 250
7. Hafnargjöld .....	7 000	7 000
Samtals 1—7	187 853	231 094
8. Hlutir skipverja .....	346 508	362 929
9. Veifaræri .....	78 005	112 045
10. Trygging skipshafnar .....	9 436	9 436
11. Viðhald skips og vélar .....	71 852	87 803
12. Trygging skips .....	19 991	32 285
13. Trygging afla og veiðarfæra .....	1 683	2 271
14. Vextir af rekstrarlánnum .....	3 326	4 436
15. Opinber gjöld .....	4 000	4 000
16. Skrifstofukostnaður .....	18 221	21 776
17. Ýmis kostnaður .....	10 000	12 000
18. Vextir af höfuðstól .....	40 350	53 840
19. Fyrningar .....	100 050	133 831
20. Fastakaup yfirmanna .....	9 602	10 192
21. Orlofsfé .....	20 790	21 776

	Sammingsgrundv. 1958	Sammingsgrundv. 1959
22. Leiga f. geymsluhúsnæði .....	3 000	3 000
23. Aksturskostnaður .....	4 697	6 193
Viðbót við 10, 15 og 22 (10%) .....		1 644
Samtals 8—23	741 411	879 457
Alls 1—23	929 264	1 110 551
Rekstrarafgangur, mismunur	1 926	23 002

Tekjur:						
	Verð		Skiptaverð		Nýtt	175 stig
	1958	1959	1958	1959	1959	5.41
1. Afli .....	1.1993	1.488	1.46	1.5362	1.7344	1.6407
2. Lifur .....	1.10	2.16	1.10	2.16	2.16	2.16
3. Hrogn .....	2.46	2.97	2.79	2.93	3.31	3.13
5. Verðb. á fisk	56.00	56.65				775 821
6. Verðb. á hrogn	1.23	1.24				66 288
						37 003
Gjöld:						
1. Beita .....	2.35	2.80				879 112
					÷ óskipt	224 704
						654 408
				Hlutur 28 453 × 14		398 342